

Kjöttvinnsla sem fer fram í húsakynnum sláturhúsa skal vera undir eftirliti kjötskoðunar-læknis. Heilbrigðiseftirlit með öðrum kjöttvinnslustöðvum (kjötverkunarstöðvum), er í höndum heilbrigðisnefnda, sbr. Heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990, með síðari breytingum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 30 28. apríl 1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 18. ágúst 1992.

Halldór Blöndal

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 265 8. júlí 1992, um loðnuveiðar |1992/1993.

1. gr.

1. töluliður 3. gr. orðist svo:

Í lögsögu Íslands eru loðnuveiðar bannaðar til 1. nóvember 1992 á eftirgreindum svæðum:

A. Vestan 18°V eru loðnuveiðar bannaðar sunnan 67°45'N.

B. Austan 18°V eru loðnuveiðar bannaðar sunnan 67°15'N.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. ágúst 1992.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eypórsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 304 14. ágúst 1992, um leyfi til fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum.

1. gr.

Við 1. mgr. 7. gr. bætist svohljóðandi málsliður: Eldri fullvinnsluskip sbr. 10. gr. skulu sækja um leyfi fyrir 1. október 1992.